

1990 nr. 38 15. maí**Lög um stjórn fiskveiða**

Tóku gildi 18. maí 1990; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 23. gr. *Breytt með* 1. 1/1992 (tóku gildi 27. jan. 1992 nema 13.–17. og 24. gr. sem tóku gildi 1. febr. 1992), 1. 36/1992 (tóku gildi 10. júní 1992; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), 1. 113/1993 (tóku gildi 14. des. 1993), 1. 87/1994 (tóku gildi 3. júní 1994 nema 7. gr. sem tók gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 14. gr.), 1. 83/1995 (tóku gildi 21. júní 1995; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 6. gr.), 1. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), 1. 158/1995 (tóku gildi 11. jan. 1996), 1. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996), 1. 16/1996 (tóku gildi 15. apríl 1996), 1. 57/1996 (tóku gildi 11. júní 1996), 1. 105/1996 (tóku gildi 1. sept. 1996 nema 2. gr. sem tók gildi 27. júní 1996), 1. 72/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), 1. 79/1997 (tóku gildi 6. júní 1997; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 21. gr.), 1. 133/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), 1. 144/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), 1. 12/1998 (tóku gildi 1. sept. 1998), 1. 27/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), 1. 49/1998 (tóku gildi 18. júní 1998), 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 1/1999 (tóku gildi 15. jan. 1999), 1. 9/1999 (tóku gildi 17. mars 1999), 1. 34/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), 1. 93/2000 (tóku gildi 6. júní 2000), 1. 14/2001 (tóku gildi 1. sept. 2001), 1. 34/2001 (tóku gildi 16. maí 2001 nema II. og III. kafli sem tóku gildi 1. júní 2001), 1. 129/2001 (tóku gildi 21. des. 2001), 1. 3/2002 (tóku gildi 31. jan. 2002), 1. 85/2002 (tóku gildi 23. maí 2002 nema 4. og 11. gr. sem tóku gildi 1. sept. 2002 og 12. gr. sem tekur gildi 1. sept. 2004; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 17. gr.), 1. 130/2002 (tóku gildi 20. des. 2002), 1. 75/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), 1. 147/2003 (tóku gildi 30. des. 2003; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.), 1. 149/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), 1. 74/2004 (tóku gildi 18. júní 2004; komu til framkvæmda 1. sept. 2004), 1. 22/2005 (tóku gildi 25. maí 2005) og 1. 28/2005 (tóku gildi 25. maí 2005).

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Nýttjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

■ **2. gr.** Til nýttjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nýttjuð eru og kunna að verða nýttjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

□ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nýttjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn. [Aflí sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að aflí sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.]¹⁾

□ Leyfður heildaraflí botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildaraflí fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda...²⁾ Heildaraflí annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

¹⁾ L. 85/2002, 1. gr. ²⁾ L. 105/1996, 1. gr.

II. kafli. Veiðileyfi og aflamark.

■ **4. gr.** Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland

nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. [Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.]¹⁾

□ ...²⁾

¹⁾ L. 28/2005, 1. gr. ²⁾ L. 79/1997, 21. gr.

■ **5. gr.** [Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. ...¹⁾]²⁾

¹⁾ L. 28/2005, 2. gr. ²⁾ L. 1/1999, 1. gr.

■ **6. gr.** [Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatak-mörkunum skulu frá og með 1. september 2001 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til veiða á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsveiða í net.

□ ...¹⁾

□ Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi. Fiskistofa skal í eftirlitsskyni hafa aðgang að sjálfvirkri tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40 13. maí 1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, með síðari breytingum, en ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 1. mgr. séu utan sóknardaga.

□ Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatak-mörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárinum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiárána. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátinum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofa fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrir Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga vegna endurnýjunar eigin báts.

□ Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatak-mörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá

er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.²⁾

¹⁾ L. 28/2005, 3. gr. ²⁾ L. 3/2002, 1. gr.

■ **[6. gr. a.** Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fényta á annan hátt.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist affli ekki til aflamarks [eða krókaaflamarks]¹⁾ og veiðidagar ekki til sóknardaga, enda sé aflinn einungis fényttr til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.²⁾

¹⁾ L. 1/1999, 3. gr. ²⁾ L. 105/1996, 4. gr.

■ **[6. gr. b.** Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar.¹⁾

¹⁾ L. 129/2001, 2. gr.

■ **7. gr.** Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálssar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri [og veiðitíma].¹⁾

□ Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafla er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára . . .¹⁾

□ [Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalið frá:

. . .²⁾

[1.]²⁾ Aflaheimildir skv. 9. gr. og 9. gr. a.

[2.]²⁾ Aflaheimildir og áætlaðan afla til línuvílnunar skv. 10. gr.]³⁾

□ Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. . . .²⁾ Skal [Fiskistofa]⁴⁾ senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

□ [Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.]⁵⁾

¹⁾ L. 85/2002, 2. gr. ²⁾ L. 28/2005, 4. gr. ³⁾ L. 147/2003, 1. gr. ⁴⁾ L. 36/1992, 6. gr. ⁵⁾ L. 129/2001, 3. gr.

■ **8. gr.** Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. [Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. másl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.]¹⁾

□ Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt

þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

¹⁾ L. 85/2002, 3. gr.

■ **9. gr.** [[Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrrsýjanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.

2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á [botnfiski].¹⁾

b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.]²⁾

□ Ráðherra skal í reglugerð³⁾ kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.⁴⁾

□ . . .²⁾

¹⁾ L. 74/2004, 1. gr. ²⁾ L. 147/2003, 2. gr. ³⁾ Rg. 485/2004. ⁴⁾ L. 85/2002, 4. gr.

■ **[9. gr. a.** Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafka á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessarar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskafkamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestin miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótarafllaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 5. gr. Samsvarandi ákvæði var áður í 1. mgr. brbákv. XXV. Yfirfærsla þess til almenns ákvæðis í lögum stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna, sbr. 2. mgr. 17. gr. l. 85/2002.

■ **10. gr.** [Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, [sbr. 19. gr.]¹⁾ Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframaffi í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski. [Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. másl. skuli í ákvæðnum fisktegundum miðast

við hærri viðmiðun en 2% af heildaraflaverðmæti botnfisk-aflamarks.]²⁾³⁾

□ Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

□ [Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, [10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðar-rækju]⁴⁾ frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta.]⁵⁾

□ [Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hvernar botnfisktegundar, síldar og úthafs-rækju og 3% umfram aflamark innfjarðar-rækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.]⁶⁾

□ Beita skal skerðingarákvaðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

□ ...⁷⁾ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

□ Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

□ [Við línuveiðar dagróðrabáta sem beita línu í landi má landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða úr höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirk tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. Línuviltun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja meg líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuviltunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsaffi skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglu⁸⁾ um framkvæmd þessa ákvæðis.]⁹⁾

□ [Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknist ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafli og 5% af öðrum sjávarafli sem hluta aðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.

2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávarafli, með síðari breytingum.

□ Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds

afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.]¹⁰⁾

¹⁾ L. 28/2005, 5. gr. ²⁾ L. 147/2003, 3. gr. ³⁾ L. 14/2001, 1. gr. ⁴⁾ L. 16/1996, 1. gr. ⁵⁾ L. 87/1994, 5. gr. ⁶⁾ L. 16/1996, 2. gr. ⁷⁾ L. 105/1996, 6. gr. ⁸⁾ Rg. 673/2004. ⁹⁾ L. 147/2003, 3. gr. ¹⁰⁾ L. 28/2005, 6. gr.

■ **11. gr.** [Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.]¹⁾

□ Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

□ Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

□ Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um sölu. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

□ Heimilt er að framselja aflahlutdeild skipa að hluta eða öllu leyti ...¹⁾ enda leiði flutningur aflahlutdeilda ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. [Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir [15 brúttótonnum],²⁾ enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.]³⁾ Tafari laust skal leita staðfestingar [Fiskistofu]⁴⁾ á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Óðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrir en staðfesting [Fiskistofu]⁴⁾ liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeilda skipa, sem rekja má til uppboða samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrir en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

¹⁾ L. 28/2005, 7. gr. ²⁾ L. 85/2002, 6. gr. ³⁾ L. 129/2001, 5. gr. ⁴⁾ L. 36/1992, 8. gr.

■ **[11. gr. a.]** [Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinnna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarksaflahlutdeild
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafs-rækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs herra

hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiarí eða veiðitímabili, [sbr. 19. gr.],¹⁾ og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

□ Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiarí eða veiðitímabili, [sbr. 19. gr.],¹⁾ og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

□ Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

□ Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.]²⁾³⁾

¹⁾ L. 28/2005, 5. gr. ²⁾ L. 85/2002, 7. gr. ³⁾ L. 27/1998, 1. gr.

■ **[11. gr. b.** Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í [1. eða 2. mgr.]¹⁾ 11. gr. a, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 11. gr. a hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta ein-

staklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

□ Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 8. gr. ²⁾ L. 27/1998, 2. gr.

■ **12. gr.** [[Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.]¹⁾

□ [Tilkynna skal Fiskistofu . . . ¹⁾ um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

□ Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

□ Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.]²⁾

□ [Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiarí ríð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.]³⁾ [Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, [sbr. 19. gr.]⁴⁾⁵⁾ Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiði-

árinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

□ Tefjast skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðisárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðisárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar . . .³⁾ samkvæmt þessari grein.

□ [Á hverju fiskveiðisári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.]¹⁾ [Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, [sbr. 19. gr.]⁴⁾ [Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóþjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.]¹⁾⁶⁾

□ [Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir [15 brúttótonnum],¹⁾ enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.]⁷⁾

¹⁾ L. 85/2002, 9. gr. ²⁾ L. 34/2001, 6. gr. ³⁾ L. 1/1999, 6. gr. ⁴⁾ L. 28/2005, 5. gr. ⁵⁾ L. 34/2000, 4. gr. ⁶⁾ L. 12/1998, 1. gr. ⁷⁾ L. 129/2001, 6. gr.

III. kafli. Framkvæmd og eftirlit.

■ **13. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.¹⁾

¹⁾ Rg. 481/1990 og 499/1990, Rg. 58/1996, sbr. 172/1997, Rg. 414/1994, sbr. 452/1994, Rg. 492/1993, sbr. 482/1994, Rg. 612/1994, Rg. 310/1995, rg. 522/1998, sbr. 749/1999, 214/2000, 65/2002 og 105/2003; rg. 447/1999, sbr. 67/2003 og 115/2003; rg. 910/2001, rg. 54/2003, rg. 234/2004, sbr. 408/2004 og 464/2004.

■ **14. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 10. gr.

■ **15. gr.** Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem [Fiskistofa]¹⁾ leggur til. Skal með reglugerð²⁾ kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til [Fiskistofu].¹⁾

□ Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, [lánastofnunum og opinberum stofnunum],³⁾ er skylt að láta ráðuneytinu eða [Fiskistofu]¹⁾ ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

□ [Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.]³⁾

¹⁾ L. 36/1992, 10. gr. ²⁾ Rg. 303/1999, sbr. 463/2004. ³⁾ L. 85/2002, 11. gr.

■ **16. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 31. gr.

■ **17. gr.** [Fiskistofa]¹⁾ annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

□ Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum [skv. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997]²⁾ og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast

með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.³⁾

□ Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarferum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

□ [Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.]⁴⁾

¹⁾ L. 36/1992, 12. gr. ²⁾ L. 28/2005, 8. gr. ³⁾ Erbr. 87/1995. ⁴⁾ L. 83/1995, 5. gr.

■ **18. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 34/2000, 5. gr.

[IV. kafli. Þorskígildi]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ **[19. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

[V. kafli. Veiðigjald.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ **[20. gr.** Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 22. gr.

□ Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafa.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ **[21. gr.** Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðisárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

□ Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

□ Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

a. Reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasölu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.

b. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.

c. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

□ Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 19. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. máls. í krónum á þorskígildiskílógramm.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. Greinin öðlast gildi 1. september 2004, sbr. 4. mgr. 17. gr. s.l. Þó skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009, sbr. 5. mgr. sömu greinar.

■ [22. gr. Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 21. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

□ Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinin í 1. máls. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [23. gr. Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert, [1. október],¹⁾ 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

□ Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

□ Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um.]²⁾

¹⁾ L. 28/2005, 9. gr. ²⁾ L. 85/2002, 12. gr.

[VI. kafli.]¹⁾ Viðurlög o.fl.

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [24. gr.]¹⁾ [Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengi um nytjastofna sjávar.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 57/1996, 26. gr.

■ [25. gr.]¹⁾ [Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða . . . ²⁾ fangelsi allt að sex árum.

□ [Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.]³⁾

□ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávaraflla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.]⁴⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 82/1998, 195. gr. ³⁾ L. 22/2005, 2. gr. ⁴⁾ L. 57/1996,

27. gr.

■ [[25. gr. a.]¹⁾ Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir [ákvæði 1. mgr. 25. gr.]²⁾ má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrrisvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrrisvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.]³⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 85/2002, 13. gr. ³⁾ L. 57/1996, 28. gr.

■ [[25. gr. b.]¹⁾ Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 57/1996, 29. gr.

[VII. kafli.]¹⁾ Ýmis ákvæði.

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [26. gr.]¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 79/1997, 21. gr.

■ [27. gr.]¹⁾ . . .

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [28. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. . . .

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. Við ákvörðun aflahlutdeildar við gildistöku laga þessara til veiða á botnfiski og úthafs-rækju fyrir skip 10 brl. og stærri skal leggja til grundvallar úthlutun aflamarks á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og rg. nr. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafs-rækju 1990.

□ Fyrir hvert fiskiskip 10 brl. og stærra skal reikna aflamark í einstökum botnfisktegundum og úthafs-rækju til þorskígilda. Ráðherra skal með reglugerð ákveða verðmætahlutfall við þann útreikning. Fyrir hvern sóknarmarksflokk samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989 skal síðan reikna meðaltalsaflamark þessara tegunda samanlagt. Fyrir þau skip, sem hafa samanlagt aflamark ofan við meðaltal síns flokks, er aflamark hvernar tegundar á árinu 1990 ráðandi við ákvörðun aflahlutdeildar.

□ Fyrir þau fiskiskip, sem hafa samanlagt aflamark þessara tegunda undir meðaltali síns sóknarmarksflokks, skulu hins vegar reiknaðar uppbætur á eldra aflamark er nema skulu 40% af þeim mun sem er milli meðaltals sóknarmarksflokksins og aflamarks skipsins. Til aflamarks skips í þessu sambandi telst þó ekki sá hluti aflamarks sem sameinaður hefur verið eldra aflamarki á grundvelli 2. máls. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988. Þannig reiknaðri uppbót skal síðan skipt milli einstakra tegunda í aflamarki skipsins í hlutfalli við verðmæti fyrra aflamarks. Fyrir skip, sem fá reiknaða uppbót samkvæmt þessari málsgrein, verður því samtala aflamarks ársins 1990 og reiknaðrar uppbótar ákvarðandi fyrir aflahlutdeildina.

□ Skip, sem loðnuveiðar stunda og skip sem stunda úthafs-rækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1990 samkvæmt ákvæðum rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafs-rækju 1990, fá þó ekki reiknaðar uppbætur skv. 3. mgr. þessarar greinar. Þessum skipum gefst kostur á í árslok 1990 að velja milli aflamarks í botnfiski og aflamarks í úthafs-rækju í samræmi við ákvæði rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafs-rækju 1990, og verður aflamark samkvæmt því vali ákvarðandi fyrir aflahlutdeild þeirra.

■ **II.** Við úthlutun aflahlutdeildar við gildistöku þessara laga til veiða á botnfiski fyrir báta minni en 10 brl. skulu eftirfarandi reglur gilda sé óskað eftir leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr.

□ Samanlögð úthlutun aflahlutdeild allra báta minni en 10 brl. í leyfilegum heildarafla allra botnfisktegunda, sem úthlutun er til einstakra skipa og báta, skal vera jöfn aflahlutdeild þeirra í ársafla sömu botnfisktegunda árið 1989.

□ Fyrir þá báta, sem á árinu 1990 stunda veiðar með aflahámarki sem byggir á eigin veiðireynslu samkvæmt ákvæðum rg. nr. 587 19. desember 1989, um veiðar smábáta 1990, skal miða við forsendur þess aflahámarks við úthlutun aflahlutdeildar.

□ Hjá þeim bátum, sem ekki falla undir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, skal aflahlutdeild byggð á veiðireynslu árunna 1987–1989 þannig að byggt sé á meðalaflla tveggja bestu árunna.

□ Aflahlutdeild báta, sem veiðileyfi fá í fyrsta sinn eftir 31. desember 1989, án þess að sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri í þeirra stað, skal þó miðast við meðal aflahlutdeild báta í sama stærðarflokki. Aflahlutdeild þessara báta hefur ekki áhrif á útreikning aflahlutdeildar annarra báta skv. 2. mgr. Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara enda hafi þeim verið haldið til veiða allt tímabilið.

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989, og útgerðum báta undir 6 brúttótonnum, sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatak mörkunum í stað aflahlutdeildar. Reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskaflla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðisárs er hefst 1. september 1994. Ræður aflareynsla þeirra á þessum þremur árum þá aflahlutdeild þeirra, sbr. þó 2. mgr. Hafi aflahlutdeild þessara báta hins vegar ekki farið fram úr framangreindum mörkum skulu gilda óbreyttar reglur um veiðar þeirra næstu þrjú fiskveiðisár og koma þær aftur til sams konar endurskoðunar í lok þess tímabils. Þeim bátum, sem þennan kost velja, skulu óheimil ar ár hvert veiða frá og með 1. janúar til og með 31. janúar, í tíu daga um páskahelgi, tíu daga um verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og enn fremur frá og með 1. desember til og með 31. desember.

□ Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa tilnefndum af Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa tilnefndum af Fiskifélagi Íslands og formanni skipuðum af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla sérstaklega um málefni þeirra aðila sem keypt hafa nýja báta eftir 31. janúar 1988 og hafa því ekki fulla aflareynslu á viðmiðunartímabilinu til að byggja ákvörðun aflahlutdeildar á. Nefndin skal og fjalla um önnur álitaefni sem upp koma og gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild viðkomandi báta.

□ Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa, þar á meðal um stærðarflokkun báta. Úthlutunin skal taka mið af þeim reglum sem giltu um úthlutun aflamarks til skipa 10 brl. og stærri á árinu 1984, sbr. rg. nr. 44/1984, eftir því sem við verður komið. Þó skulu reglur um frátafir frá veiðum og skipstjóraskipti undanskildar.

□ Sjávarútvegsráðuneytið skal til upplýsingar birta bréflaga

útgerðum allra báta 10 brl. og minni úthlutað aflamark eins og það hefði orðið árið 1990 samkvæmt lögum þessum ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun.

□ Útgerðum skal veittur hæfilegur frestur til athugasemda og skýringa gerist þess þörf. Að því loknu skal samstarfsnefnd skv. 7. mgr. gera endanlega tillögu um aflahlutdeild sérhvers báts í viðkomandi botnfisktegund. Sú aflahlutdeild verður síðan grundvöllur árlegrar úthlutunar aflamarks viðkomandi báta.

■ **III.** Leyfður heildarafl botnfisktegunda skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir heilt 12 mánaða tímabil skal í fyrsta skipti ákvæðinn fyrir fiskveiðisárið er hefst 1. september 1991. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. ágúst 1991.

□ Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli skipa á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers skips sem ákvæðin er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II annars vegar og dreifingu afla af hverri tegund innan ársins hjá einstökum flokkum fiskiskipa hins vegar.

□ Reiknað skal hversu hátt hlutfall ársafla af hverri botnfisktegund hefur veiðst að meðaltali á fyrstu átta mánuðum ársins á árunum 1986 til 1988. Jafnframt skal reiknað fyrir hvern útgerðarflokk, sbr. 2. gr. rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og fyrir hvern stærðarflokk smábáta, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, hversu mikill hluti heildarársafa flokksins af hverri tegund hefur verið veiddur á fyrstu átta mánuðum ársins að meðaltali á sama árabili.

□ Hlutdeild hvers skips í heildarafla hvernar tegundar á framangreindu átta mánaða tímabili á árinu 1991 skal vera föst aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund deilt með hlutfalli átta mánaða heildarveiða af tegundinni skv. 1. málsl. 3. mgr. en margfaldað með hlutfalli átta mánaða veiða flokksins skv. 2. málsl. 3. mgr.

□ Ráðherra skal með hliðstæðum hætti ákvæða heildarafla af úthafsraekju á fyrstu átta mánuðum ársins 1991 og hlutdeild einstakra skipa í honum.

■ **IV.** Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

□ Aflahlutdeild á svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

■ **V.** Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips skv. 6. mgr. 11. gr. án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu er lög þessi koma til framkvæmda.

■ **VI.** Sjávarútvegsráðherra skal þegar eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd er kanni hvort og þá með hvaða hætti mögulegt sé að koma við vigtun hérlandis á afla sem fluttur er óunninn úr landi. Nefnd þessi skal skipuð fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu, auk formanns er ráðherra skipar. Skal hún skila tillögum sínum eigi síðar en hálfu ári eftir gildistöku laga þessara.

■ **VII.** Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal

leitast við að meta hagkvæmstu samsetningu fiskiskipafloftans. Skal athuginin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkfólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

■ **VIII.** Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávaraflla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja frumvarp að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skal sú endurskoðun m.a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald.

■ **[IX. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 87/1994, brbákv.

■ **[X.** Á fiskveiðiarunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildaraflla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr.

□ Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiarinu 1991/1992 til þess fiskveiðisárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip, sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

□ Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að litið skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

□ Á fiskveiðiarinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnun miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

□ Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiaára.]²⁾

¹⁾ Rg. 446/1998. ²⁾ L. 83/1995, brbákv. I.

■ **[XI. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 144/1997, 2. gr. ²⁾ L. 83/1995, brbákv. II.

■ **[XII. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 83/1995, brbákv. III.

■ **[XIII. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 144/1995, 14. gr.

■ **[XIV.** Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi. Enn fremur

skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. I.

■ **[XV. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. II.

■ **[XVI. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 133/1997, brbákv.

■ **[XVII. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. I.

■ **[XVIII. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. II.

■ **[XIX.** Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðisársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif löggin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.]¹⁾

¹⁾ L. 12/1998, brbákv. I.

■ **[XX.** Ákvæði 1. tölul. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara gilda einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 12/1998, brbákv. II.

■ **[XXI.** Sé aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 1. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Fiskistofa skal í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilkynna aðila hver umframafhlutdeild hans er og gildir 2. mgr. 2. gr. um frest aðila til að ráðstafa umframafhlutdeildinni og áhrif þess að umframafhlutdeildinni er ekki ráðstafað innan tilskilins frests.]¹⁾

¹⁾ L. 27/1998, brbákv. I.

■ **[XXII.** Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.]¹⁾

¹⁾ L. 27/1998, brbákv. II.

■ **[XXIII.** Bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatak mörkunum eða þorskaflahámarki, krókabátar, skulu á fiskveiðiarunum [1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001]¹⁾ stunda veiðar samkvæmt þessu ákvæði.

□ Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

□ Heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%, heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatak mörkunum og nota línu og handfæri 0,18% og heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatak mörkunum og nota handfæri eingöngu 0,93%.

□ Heimil er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðisárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutaðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. [Heimil er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiaári yfir til þess næsta á eftir.]¹⁾ Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski

skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiar, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakmarkunum.

□ Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslíð 2. mgr. þessa ákvæðis, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háfiskum, séu utan sóknardaga.

□ Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmarkunum og nota línu og handfæri skal vera 32 [á hverju fiskveiðiarí].¹⁾ Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýttara daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Þorskaflfi hvers báts má þó eigi vera meiri en 30 lestir á [hverju fiskveiðiarí]¹⁾ miðað við óslægðan fisk.

□ Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

□ Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem veiðar stunda með dagatakmarkunum og nota handfæri eingöngu skal vera 40 [á hverju fiskveiðiarí].¹⁾ Þó skal þorskaflfi hvers báts eigi vera meiri en 30 lestir á [hverju fiskveiðiarí]¹⁾ miðað við óslægðan fisk.

□ Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstörs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

□ Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

□ Ráðherra getur ákveðið að affli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiarunum [1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001].¹⁾

□ Áætlaðan afla krókabáta [á fiskveiðiarunum 1999/2000 og 2000/2001]¹⁾ skal draga frá leyfðum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

□ ...²⁾

□ Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis skal þeim bátum sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakmarkunum gefast kostur á að velja að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum 6. gr. lag-

anna, enda hafi þeir tilkynnt Fiskistofu um val sitt fyrir [15. apríl 1999].³⁾ Á fiskveiðiarunum [1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001]¹⁾ skal þessum bátum heimilt að stunda veiðar í 23 sóknardaga án takmarkana á heildarafla. Að öðru leyti gildir bráðabirgðaákvæði þetta um veiðar þessara báta.⁴⁾

□ [Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis er heimilt að veita báti sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaafلامark frá og með fiskveiðiarinu 2000/2001 leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki frá og með 15. apríl 1999 og [til 1. september 2001].¹⁾ Úthlutað þorskaflahámark báts þann tíma skal vera hið sama og reiknað krókaafلامark hans samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Á tímabilinu skulu að öðru leyti gilda sömu reglur og takmarkanir um veiðar þessara báta og annarra báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki, þar með talið um framsal þorskaflahámarksins. Á fiskveiðiarinu 1998/1999 skal draga frá úthlutaðu þorskaflahámarki þann þorskafla sem bátar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hafa aflað fram til 15. apríl 1999. Hafi bátur aflað meira á því tímabili en sem nemur úthlutaðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrir en flutt hefur verið á hann þorskaflahámark sem samsvarar umframveði. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999 hvort óskað er eftir því að nýta heimild skv. 1. málsl. Um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra báta, sem kjósa að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt þessari málsgrein, í ýsu, ufsa og steinbít skal fara samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun til báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmarkunum, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.]³⁾

□ [Hafi krókaafلامlutdeild í þorski verið flutt á fiskveiðiarinu 1999/2000 af báti sem krókaleyfi hefur með takmarkun á þorski skv. 6. og 8. mgr. til báts sem krókaleyfi hefur með þorskaflahámarki, sbr. 4. mgr., skal úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 nema eigandi þess báts velji veiðileyfi með krókaafلامark.]¹⁾

¹⁾ L. 93/2000, 2. gr. ²⁾ L. 34/2000, 6. gr. ³⁾ L. 9/1999, 2. gr. ⁴⁾ L. 1/1999, brbákvt.

■ [XXIV. Fyrir upphaf fiskveiðisins 1999/2000 skal krókabátum úthlutað aflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði.

□ Bátar sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skulu fá úthlutað aflahlutdeild í þorski miðað við þá hlutdeild sem aflahámark bátsins er í þeim 12,64% af hámarksþorskafla sem í hlut þessa bátaflokks hefur komið.

□ Þeirri 0,18% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmarkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 95 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiarin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

□ Þeirri 0,93% hlutdeild í hámarksþorskafla sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu með dagatakmarkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 506 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiarin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga

nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

□ Samanlögð hlutdeild krókabáta í hámarksaflla af ýsu, ufsa og steinbít skal vera jöfn meðalhlutdeild þeirra í heildarafla af hverri þessara tegunda almanaksárin 1996, 1997 og 1998 og skal hún skiptast milli veiðikerfa þeirra í sömu innbyrðis hlutföllum og þorskur skv. 2.–4. mgr. Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1996, 1997 og 1998. Við útreikning þennan skal affi árið 1998 margfaldaður með tveimur. Í flokkum báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmarkunum skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast jafnt milli báta innan hvors flokks um sig.

□ ...¹⁾²⁾

□ ...¹⁾

□ [Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXIII við löggin er Fiskistofu heimilt að veita bátum veiðileyfi með krókaafllamarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 að uppfylltum skilyrðum skv. 5. gr. laganna. Eigendum báta sem stunda veiðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII við löggin er heimilt að velja veiðileyfi með krókaafllamarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 sæki þeir um slíkt leyfi til Fiskistofu fyrir 15. júní 2000, en úthlutað krókaafllamark þeirra getur þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af krókaafllahlutdeildum þeim sem bundnar voru á viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Hafi aðili selt krókabát sinn án krókaafllahlutdeilda á tímabilinu frá 15. janúar 1999 til 1. apríl 2000 getur Fiskistofa heimilað flutning þeirra krókaafllahlutdeilda sem við bátinn voru bundnar til báts sem veiðileyfi fær með krókaafllamarki, enda leggi hann fram við Fiskistofu, eigi síðar en 15. júní 2000, samning um sölu bátsins, greinargerð um ráðstöfun krókaafllahlutdeilda og beiðni um flutning þeirra.]³⁾

¹⁾ L. 129/2001, 8. gr. ²⁾ L. 1/1999, brbákv. II. ³⁾ L. 93/2000, 3. gr.

■ [XXV. ...¹⁾²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 14. gr. ²⁾ L. 1/1999, brbákv. III.

■ [XXVI. [Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar á fiskveiðiarinu 2004/ 2005 aflaheimildir sem nema 750 þorskígildislestum og á fiskveiðiarinu 2005/2006 aflaheimildir sem nema 375 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.]¹⁾ Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda.

□ ...¹⁾²⁾

¹⁾ L. 147/2003, 4. gr. ²⁾ L. 1/1999, brbákv. IV.

■ [XXVII. Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðisársins 2000/2001.]¹⁾

¹⁾ L. 1/1999, brbákv. V.

■ [XXVIII. Á fiskveiðiarinu 2001/2002 skal úthluta bátum með krókaafllamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiarinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni

fiskveiðiaríð 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaafllamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarksskipa skerðast sem því nemur. Hluttur krókaafllamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeilda vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

□ Bátum sem krókaafllamarksleyfi fengu 1. september 2001 skal á fiskveiðiarinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

□ Á fiskveiðiarinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum með krókaafllamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiarinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiarinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

□ Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

□ Útgerðum báta, sem á fiskveiðiarinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaafllamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmarkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátum krókaafllahlutdeild eða krókaafllamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaafllamarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmarkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiarinu 2001/2002.]¹⁾

¹⁾ L. 129/2001, 7. gr.

■ [XXIX. ...¹⁾²⁾

¹⁾ L. 28/2005, 11. gr. ²⁾ L. 129/2001, 7. gr.

■ [XXX. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. skal heimilt að flytja allt krókaafllamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiarinu 2001/2002 til fiskveiðisársins 2002/2003.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 16. gr.

■ [XXXI. Á fiskveiðiarunum 2001/2002 til og með [2009/2010]¹⁾ hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur²⁾ um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.]³⁾

¹⁾ L. 29/2005, 10. gr. ²⁾ Rg. 464/2002. ³⁾ L. 85/2002, 16. gr.

■ [XXXII. Hafi aðili ekki náð að nýta sér að fullu eða hluta þær aflaheimildir sem var úthlutað á fiskveiðiarinu 2001/2002 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiarí, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykka að ónýttar aflaheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiarinu 2002/2003.

□ Þær 500 lestir af óslægðum botnfiski, sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiarinu 2001/2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í

sjávarútvegi, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skulu bættast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.]¹⁾

¹⁾ L. 130/2002, 1. gr.

■ [XXXIII. Á fiskveiðiárinu 2004/2005 er sjávarútvegráðherra heimilt að úthluta samtals 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaafلامarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafلامarksbáta. Á fiskveiðiárinu 2005/2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því.]¹⁾

¹⁾ L. 147/2003, 2. gr.

■ [XXXIV. Hafi aðilar ekki náð að nýta sér að fullu eða að hluta þær aflaheimildir sem voru þeim til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2002/2003 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiári, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2003/2004.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2003, 2. gr.

■ [XXXV. Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaafلامarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaafلامlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaafلامlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem affli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaafلامarki er fundin sem affli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003. Í engri tegund í krókaafلامarki skal viðmiðun-

araflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.

2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaafلامlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnins teljast 91% af upp að 42,5 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 45% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaafلامarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaukningar, allt að 20 lestum í þorski á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 28. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

3. Krókaafلامlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutaðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátum 10. maí 2004 en voru á bátum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaafلامlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaafلامlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaafلامlutdeild samkvæmt þessu ákvæði skal aflahlutdeild og krókaafلامlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ákvæði 6. gr. laganna skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiárinu 2002/2003, kost á að stunda veiðar með 18 sóknardögum á fiskveiðiárinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafلامlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. mgr. Bátar sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 28. maí 2004 eiga kost á 18 sóknardögum fiskveiðiárin 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafلامlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. mgr. Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2004, 2. gr.